

**Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs**  
**24. fundur**  
**haldinn að Lyngási, 4. júní 2009**

**Mættir:** Eiríkur Björn Björgvinsson, Skúli Björn Gunnarsson, Björn Ármann Ólafsson, Magnhildur Björnsdóttir, Skarphéðinn G. Þórisson og Þórhallur Þorsteinsson. Jafnframt sat fundinn Agnes Brá Birgisdóttir þjóðgarðsvörður.

**Gestir fundarins:** Guðrún Á. Jónsdóttir frá Náttúrustofu Austurlands sat lið 1 og hluta af lið 2.

**Dagskrá:**

- 1. Verndaráætlun. Staða verkefnisins og framhald.**
- 2. Skýrsla þjóðgarðsvarðar.**
- 3. Önnur mál.**

*Eiríkur formaður stýrði fundi og setti hann kl. 17.20. Gengið var til dagskrár.*

**1. Verndaráætlun. Staða verkefnisins og framhald**

Guðrún Jónsdóttir dreifði minnisblaði um stöðu verkefnisins. Gagnaöflun hefur tekið lengri tíma en áætlað var en byrjað er að vinna úr gögnunum. Eiginleg greiningarvinna er hins vegar ekki hafin en hún verður m.a. byggð á kortagrunnum sem verið er að færa gögnin inn á. Mikill tími hefur farið í samræmingu á vinnunni milli svæða og kortagrunnmál.

Rætt var um mikilvægi þess að svæðisráð lendi ekki í tímapressu þegar kemur að því að fara yfir og afgreiða verndaráætlunina. Kanna þarf hvort ekki þurfi strax að gera ráð fyrir frestun á afgreiðslu verndaráætlunar m.v. þann tímafrest sem reglugerð um þjóðgarðinn gerir ráð fyrir.

Umræður urðu um hvernig vinnu við verndaráætlunina yrði best haldið áfram. Rætt um að halda áfram lýðræðislegri umræðu, halda fundi og nýta vefinn eins og kostur er til að fá fram skoðanir ólíkra hópa. Leita þarf gagna um veiðar, ferðaþjónustu og aðra nýtingu á svæðinu og hugmyndir aðila um framtíðarnýtingu innan þjóðgarðsins. Formaður óskaði eftir að Guðrún ynni tillögu að verk- og tímaáætlun vegna haustsins varðandi vinnu svæðisráðsins við verndaráætlun og legði slíkt fram sem fyrst í júnímánuði.

Rætt var um að halda opinn fund um þjóðgarðsmál í lok sumars þar sem áherslan yrði á verndun til samræmis við fundinn sl. vetur um atvinnumál. Þjóðgarðsverði og verkefnisstjóra um verndaráætlun falið að undirbúa slíkan fund í samráði við svæðisráð.

Þjóðgarðsverði falið að koma með tillögu um ferðaplan fyrir skoðunarferð svæðisráðsins um þjóðgarðinn 5.-7. ágúst næstkomandi.

**2. Skýrsla þjóðgarðsvarðar**

Þjóðgarðsvörður sagði frá ósk sem borist hefur um leyfi fyrir kvikmyndatöku og akstri á vélknúnum ökutækjum 19. - 22. júní í Kverkfjöllum innan þeirrar línu sem reglugerð segir að slík umferð sé bönnuð frá 15. júní. Svæðisráð var sammála um

að þetta væri prófraun fyrir þjóðgarðinn og reglur hans. Þjóðgarðsvörður hefur samkvæmt reglugerðinni heimild til að veita undanþágu á akstri eftir 15. júní. Kvikmyndatökuliðið er að vinna umsókn um leyfi fyrir þessu og svæðisráð óskar eftir frekari upplýsingum til að geta tekið afstöðu til málsins.

Lögð voru fram drög að bæklingi um Snæfellsöræfi. Hann er í vinnslu og munu svæðisráðsmenn fá send frekari drög til yfirlestrar og óskaði þjóðgarðsvörðurinn eftir ábendingum.

Þjóðgarðsvörður sagði frá því að þjóðgarðurinn hefði fengið afnot af einu herbergi á Skriðuklaustri undir líkanið að gestastofunni og fleiri upplýsingar um garðinn.

### 3. Önnur mál

a) Umræður spunnust um mikilvægi þess að svæðisráð yrði haft meira með í ráðum og leitað álits þess eða umsagnar þegar framkvæmdir stæðu til á jaðarsvæðum þjóðgarðsins.

b) Formaður greindi frá því að Framkvæmdasýsla ríkisins hefði tekið tilboði Vélsmiðju Hjalta í gestastofu þjóðgarðsins á Skriðuklaustri og allir kærufrestir í útboðinu væru liðnir. Áætlað er að ræsfundur fyrir framkvæmdina verði í næstu viku og vinna við gestastofuna hefjist fljótlega.

*Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 19.20.*

Skúli Björn Gunnarsson  
ritaði fundargerð

Eiríkur Björn Björgvinsson

Björn Ármann Ólafsson

Þórhallur Þorsteinsson

Magnhildur Björnsdóttir

Skarphéðinn Þórisson